

## Fyrirspurn

**til félags- og barnamálaráðherra um áminningar og missi löggildingar  
eða starfsleyfis á sviði skipulags- og byggingarmála.**

Frá Ólafi Ísleifssyni.

Hversu mörgum hönnuðum, byggingarstjórum eða iðnmeisturum hefur verið veitt áminning eða þeir verið sviptir starfsleyfi eða löggildingu vegna brota á ákvæðum laga, reglugerða eða samþykktu um skipulags- og byggingarmálefni, eða fyrir að hafa vanrækt hlutverk sitt og skyldur eða sýnt af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi, sbr. 57. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki?

**Skriflegt svar óskast.**